

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 141/601*  
*komudagur 19.11.2012*



Nefndasvið Alþingis  
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 16. nóvember 2012  
Tilvísun: 2012110009  
EBj/BH  
Tilv. ykkar: Tölvupóstur dags. 08.11.2012.

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um lagningu heilsársvegar í Árneshrepp.**

Meðfylgjandi er umsögn Vegagerðarinnar um ofangreinda þingsályktun.

Virðingarfyllst,

Hreinn Haraldsson, vegamálastjóri.

## *Umsögn Vegagerðarinnar um tillögu til þingsályktunar um lagningu heilsársvegar í Árneshrepp*

Lögð hefur verið fram tillaga til þingsályktunar á Alþingi um lagningu heilsársvegar í Árneshrepp á Ströndum. Um er að ræða 643 Strandaveg sem liggur frá Djúpvegi í Steingrímsfirði til Norðurfjarðar. Alls er vegurinn um 94 km langur. Í umsögn þessari verður hins vegar fjallað um kaflann frá syðri enda Drangsnavegar í Steingrímsfirði til Norðurfjarðar og er sá kafli um 87 km langur.



643 Strandavegur. Helstu kennileiti.

Í þingsályktunartillögunni er gert ráð fyrir að vegurinn verði 4 m breiður í vegflokknum D4 sem er frávik frá veghönnunarreglum Vegagerðarinnar sem gera ráð fyrir að hann verði 7 m breiður í vegflokknum C7. Reyndar hefur Vegagerðin áður skoðað þann kost að miða við 4 m breiðan veg. Umsögn Vegagerðarinnar mun því taka mið af 4 m breiðum vegi með útskotum nema á kaflanum frá Drangsnavegi syðri að Drangsnavegi nyrðri, yfir Bjarnarfjarðarháls, en þar gengur Vegagerðin út frá 7 m breiðum vegi.

Vegagerðin hefur á undanförunum misserum í ljósi umræðna um heilsársveg í Árneshrepp hafið undirbúning að gerð frumdraga og gerðar fyrstu kostnaðaráætlunar vegna slíks vegar. Í því skyni var m.a. dýptarmælt í sjónum á kaflanum í sunnanverðum Reykjarfirði utan við Djúpuvík og á kaflanum undir Kjörvogshlíð. Fyrirhugað er að dýptarmæla í sjónum undir

Kaldbakshorni sumarið 2014. Eins hefur verið skoðað vegstæðið milli Veiðileysufjarðar og Reykjarfjarðar utan við Kamb. Athugunum Vegagerðarinnar er hvergi nærri lokið. Verði þingsályktunartillagan samþykkt þarf að setja aukinn kraft í gerð frumdraganna og ljúka gerð þeirra með kostnaðaráætlun fyrir en áætlað var.

Það eru aðallega þrjú kaflar á veginum sem eru verulegt vandamál með tilliti til heilsárvegar í Árneshrepp:

- **Um Kaldbakskleif.** Við Kaldbakshornið á um 8 – 900 m kafla er vegurinn undir þverhniptu bjarginu og bröttum skriðum og er þar umtalsvert grjóthrun og tíð snjóflóð. Ein af lausnunum á þessum kafla gæti verið að leggja veginn í fjörunni, en það ræðst af aðdýpi í fjörunni sem mælt verður á næstu misserum eins og áður sagði. Einnig ber að hafa í huga að Kaldbakshornið er fyrir opnu hafi og er ekki víst að ráðið verði við öldugang með ásættanlegum kostnaði þótt fjöruleiðin geti verið að öðru leyti fær hvað dýpi varðar. Reynist fjöruleiðin ekki fær er fátt um lausnir aðrar en jarðgöng. Að því gefnu að lengd jarðganganna verði 900 m með vegskálum má lauslega áætla kostnað 1.200 m.kr.
- **Um Veiðileysuháls.** Veiðileysuháls er erfiður fjallvegur frá Kráku í Veiðileysufirði yfir í Reykjarfjörð. Með því að gera nýjan veg yfir hálsinn lengist vegurinn um 1,5 km, en þrátt fyrir það verður vegur yfir Veiðileysuháls væntanlega ávallt erfiður fjallvegur að vetrarlagi. Fyrir liggja hugmyndir um nýjan veg fyrir Kamb í stað vegar yfir Veiðileysuháls. Þessi vegur gæti orðið heilsársvegur en leiðin lengist þar með um 6,8 km. Sveitarstjórn Árneshrepps hefur hafnað hugmyndinni að leggja veg fyrir Kamb og er hún því úr sögunni. Kaflinn frá Veiðileysuhálsi, Reykjarfjarðarmegin, til Djúpuvíkur er einnig viðvarandi vandamál vegna snjóa. Skoðað verður hvort hægt er að leggja kaflann fram í fjöru milli Kúvíka og Djúpuvíkur. Dýptarmælt var haustið 2011 og talið er mögulegt að fara með sjó.
- **Um Kjörvogshlíð.** Í Kjörvogshlíð milli Sætrakleifar og Kjörvogs á um 2 – 3 km kafla eru tíð snjóflóð og bæði aurskriður og grjóthrun. Hugsanlega er unnt að leggja veginn í eða með sjó og fá þannig breitt öryggissvæði fyrir ofanflóðum. Aðdýpi hefur verið kannað og líklegt er að fjöruleiðin komi til álita. Fjöruleiðir með tilheyrandi fyllingum og grjótvörn eru dýrar framkvæmdir.

Ekki er að svo komnu máli unnt að gefa upp nákvæman áætlaðan kostnað við gerð heilsársvegar til Árneshrepps. Til þess eru óvissuþættirnir enn of margir sem kanna þarf miklu betur. Framkvæmdin er matskyld og er hugsanlegt að niðurstaða mats á umhverfisáhrifum hennar geti haft áhrif á kostnað. Líklegt er að mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar taki á annað ár. Í besta falli er mögulegt að gefa vísbendingar um stærðargráðu kostnaðar sem gæti dugað til ákvarðana um framhald málsins. Í eftirfarandi kostnaðarmati er gert ráð fyrir 900 m löngum jarðgöngum í gegnum Kaldbakshornið en ekki hefur verið lagt mat á kostnað við vegagerð í sjó. Verður lauslega fjallað um það hér að lokum.


Kafli	Lengd [km]	Vegtegund	Kostnaður [m.kr.]
Drangnesvegur (s) – Drangnesvegur (n)	7,1	C7	500
Drangnesvegur (n) - Asparvík	13,66	D4	85
Asparvík - Kolbeinsvíkurá	13,48	D4	113
Um Kaldbakskleif, jarðgöng		D4	1.200
Kolbeinsvíkurá - Djúpavík	18,71	D4	650
Djúpavík – Gjögur	18,07	D4	1.000
Gjögur – Norðurfjörður	15,75	D4	230
<b>Samtals</b>	<b>86,77</b>		<b>3.778</b>

Stærðargráða kostnaðar við gerð heilsársvegar með jarðgöngum í gegnum Kaldbakshornið en án sjávarfyllinga er þannig um 4.000 m.kr. Ef gert er ráð fyrir að sjávarfyllingar beggja megin í Reykjarfirði auki kostnað um 500 – 1.000 m.kr. má reikna með stærðargráðu kostnaðar **4.500 til 5.000 m.kr.** Það er ítrekað hér að kostnaðaráætlun þessi er gerð á frekar veikum forsendum sem þarfnast miklu nánari skoðunar.

### Niðurlag.

Í þingsályktunartillögunni kemur fram að meginframkvæmdin skuli eiga sér stað á næstu fjórum árum. Í því sambandi ber að hafa í huga að gerð frumdraga er ekki lokið og umhverfismat framkvæmdarinnar hefur ekki farið fram. Nauðsynlegur tími til þessa gæti verið 2 til 2½ ár. Lauslega áætlaður heildarkostnaður við gerð heilsársvegar í Árneshrepp gæti verið 4-5 milljarðar króna eins og fram hefur komið. Ekki verður séð hvernig framkvæmd þessi getur rúmast innan þess fjárhagsramma til vegagerðar sem nýlega hefur verið lagður fram vegna endurskoðunar samgönguáætlunar næstu 4 ára og ekki er einfalt að benda á verkefni sem fresta mætti í staðinn. Viðbótarfjármagn af fjárlögum myndi auðvitað breyta þeirri mynd.

**Myndir af Strandavegi og hugsanlegum vegarstæðum.** Myndirnar tók Eiríkur Bjarnason 2012.




Kaldbakshorn



Veðileysufjörður – Kambur sunnanverður




Veðileysuháls sunnanverður




Reykjarfjörður - Kjörvogshlíð



Norðanverður Reykjarfjörður



Kambur norðanverður



Djúpuvíkurkleifar